

## SAMPYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar,  
nr. 637/2002 með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „tiltekið mál“ í 2. mgr. 33. gr. samþykktarinnar kemur: ákvörðun bæjarstjórnar.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 58. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarlögmanni í umboði bæjarráðs samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og gildandi lögreglusamþykkt:

- a) Að veita umsögn vegna umsagnar um rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingar og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengra og óáfengra og/eða útleigu samkomusala í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2007.
- b) Að veita umsögn vegna umsóknar um tækifærисleyfi fyrir einstaka skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2007.

3. gr.

Síðasti málsl. 1. mgr. 65. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð fer með upplýsinga- og markaðsmál og málefni miðbæjarins.

4. gr.

Í 66. gr. samþykktarinnar falla brott orðin: Menningar- og ferðamálanefnd og stjórn Hafnarborgar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. samþykktarinnar:

- a) Í stað „barnalaga nr. 20/1992“ í 1. mgr. 71. gr. samþykktarinnar komi: barnalaga nr. 76/2003.
- b) Aftan við 1. mgr. 71. gr. samþykktarinnar bætist: og menningar- og ferðamál.

6. gr.

Aftan við 72. gr. samþykktarinnar bætist: Menningar- og ferðamálanefnd, stjórn Hafnarborgar.

7. gr.

Í stað orðanna „ lög nr. 66/1995 um grunnskóla og lög nr. 78/1994 um leikskóla“ í 1. mgr. 77 gr. samþykktarinnar komi: lög nr. 91/2008 um grunnskóla og lög nr. 90/2008 um leikskóla.

8. gr.

91. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarféluginu svo sem bæjarlögmann, sviðsstjóra og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem er í eigu bæjarsjóðs og veitir þeim lausn frá störfum.

9. gr.

92. gr. samþykktarinnar verður svohjóðandi:

Sviðsstjóri ræður starfsmenn sem heyra beint undir hana í skipuriti að fenginni umsögn viðkomandi ráða. Forstöðumenn og aðrir stjórnendur ráða starfsmenn sem heyra beint undir þá í skipuriti.

Nr. 577

24. júní 2010

Samþykkt þessi sem bæjarstjón Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 24. júní 2010.*

F.h.r.

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2010